

Breytingartillögur

við frv. til l. um verðbréfavíðskipti.

Frá efnahags- og víðskiptanefnd.

1. Á eftir orðinu „verðbréfasjóðir“ í ii-lið b-liðar 7. tölul. 2. gr. komi: og fjárfestingarsjóðir.
2. 2. másl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Enn fremur skal fjármálafyrirtæki afla upplýsinga frá víðskiptavinum um fjárhagsstöðu þeirra séu þeir í víðvarandi víðskiptasambandi við fjármálafyrirtækið.
3. Á eftir orðinu „gagnvart“ í 2. tölul. 14. gr. komi: fjárhagslega.
4. B-liður 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.
5. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 1. og 4. tölul. 32. gr. komi: 40%.
6. 39. gr. orðist svo:

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

 1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
 2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.
7. Í stað orðsins „opnar“ í 1. másl. 3. mgr. 40. gr. komi: er opnaður.
8. 42. gr. orðist svo:

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

 1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
 2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.
9. Í stað orðanna „innan útgefandans“ í 1. mgr. 46. gr. komi: hjá útgefanda.
10. 1. másl. 60. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.
11. Ákvæði til bráðbirgða orðist svo:

Nú á eigandi hlutfjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laga þessara og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 1. mgr. 32. gr. laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut, sbr. 1. mgr. 27. gr. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu við gildistöku laga þessara.